

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluta-
tryggingasjóðs bátaútvegsins.

10

17. jan.

1. gr.

26. og 34. liður í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík, 1. apríl til 15. desember.

34. svæði: Fáskrúðsfjörður, 1. febrúar til 31. maí, 1. júní til 30. nóvember.

2. gr.

Aftan við o-lið 3. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

10. svæði: Hornafjörður, 1. marz til 11. maí.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 17. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

ARÐSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga.

11

18. jan.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hagakot	12 ½ eining
Strandsel	12 ½ —
Blámýri	12 ½ —
Hrafnabjörg	12 ½ —
Birnustaðir	12 ½ —
Laugarból	12 ½ —
Eiríksstaðir	12 ½ —
Efstidalur	12 ½ —

Alls 100 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. janúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.